

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu
1. janúar til 30. júní 2024

Orkuveita Reykjavíkur

kt. 551298-3029
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík

Efnisyfirlit

Mælikvarðar og umfang þjónustu	3
Yfirlit stjórnenda	4
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	5
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	6
Rekstrarreikningur	7
Yfirlit um heildarafkomu	8
Efnahagsreikningur	9
Eiginfjáryfirlit	10
Sjóðstreymisyfirlit	11
Skýringar	12

Orkuveita Reykjavíkur leggur sérstaka áherslu á þessi Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í starfseminni



Yfirlit stjórnenda

Rekstrarár	2024	2023	2022	2021	2020
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
<i>Fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs í milljónum kr.</i>					
Rekstrartekjur	32.937	30.139	28.542	26.023	24.272
Rekstrarkostnaður	(13.335)	(12.281)	(10.716)	(9.146)	(9.787)
þ.a. orkukaup og flutningur	(3.794)	(3.453)	(3.505)	(2.951)	(2.824)
EBITDA	19.602	17.858	17.827	16.877	14.485
Afskriftir	(8.316)	(7.687)	(6.796)	(6.655)	(6.284)
Rekstrarhagnaður EBIT	11.286	10.172	11.031	10.222	8.201
Sjóðstreymi					
Innleystar vaxtatekjur	98	62	21	47	174
Greidd vaxtagjöld	(3.927)	(3.553)	(2.418)	(2.383)	(2.655)
Handbært fé frá rekstri	17.356	14.718	14.197	14.624	12.520
Veltufé frá rekstri	14.556	13.912	13.565	12.471	11.164
Lausafé					
30.6.2024	30.6.2023	30.6.2022	30.6.2021	30.6.2020	
Bundnar innstæður og markaðsverðbréf	10.359	11.414	14.465	11.723	13.091
Handbært fé	14.598	7.837	7.650	24.256	15.097
Óáðregnar lánalínur	13.805	8.850	7.709	10.027	9.000
Lausafé samtals	38.762	28.101	29.824	46.007	37.187

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Orkuveita Reykjavíkur (Orkuveitan) er sameignarfyrirtæki sem starfar á grundvelli laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur. Lögbundið hlutverk Orkuveitunnar er að stunda vinnslu, framleiðslu og sölu raforku og heits vatns og gufu. Rekstur grunnkerfa, svo sem dreifiveitu rafmagns, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og ljósleiðarakerfi, auk annarrar starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Einnig þá starfsemi aðra sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað fyrirtækjanna, sem og iðnþróun og nýsköpun, enda tengist hún kjarnastarfsemi fyrirtækisins.

Árshlutareikningur Orkuveitu Reykjavíkur fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2024 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikninga. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning Orkuveitunnar og dótturfélaga.

Hagnaður af rekstri samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2024 nam 4.269 milljónum kr. (1.1.-30.6.2023: hagnaður að fjárhæð 1.550 milljónir kr.). Heildarafkoma samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2024 var jákvæð um 5.756 milljónir kr. (1.1.-30.6.2023: neikvæð um 908 milljónir kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 495.421 milljónum kr. í lok tímabilsins (31.12.2023: 481.290 milljónir kr.). Eigið fé nam 259.740 milljónum kr. í lok tímabilsins (31.12.2023: 258.984 milljónir kr.) og er eiginfjárhlutfall samstæðunnar 52,4% (31.12.2023: 53,8%).

Í upphafi ársins sem og í lok tímabilsins voru eigendur móðurfyrirtækisins þrír, en þeir eru:	Eignarhluti
Reykjavíkurborg	93,539%
Akraneskaupstaður	5,528%
Borgarbyggð	0,933%

Á framhaldsaðalfundi Orkuveitunnar 28. júní 2024 var ákveðið að greiða allt að 6.000 milljónum kr. í arð til eigenda. Þar af er greiðsla á 1.000 milljónum kr. háð skilyrðum. Sjá nánar í skýringu 13 Önnur mál. Vísað er að öðru leyti til árshlutareikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eigin fé.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur er samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikninga. Að álit stjórnar og forstjóra gefur árshlutareikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. júní 2024 ásamt rekstrarafkomu hennar sem og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2024.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og forstjóri staðfesta hér með árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2024.

Reykjavík, 26. ágúst 2024.

Í stjórn fyrirtækisins:

Gylfi Magnússon

Vala Valtýsdóttir

Skúli Helgason

Ragnhildur Alda Vilhjálmisdóttir

Þórður Gunnarsson

Valgarður Lyngdal Jónsson

Forstjóri:

Sævar Freyr Þráinsson

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda Orkuveitu Reykjavíkur.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikning Orkuveitu Reykjavíkur fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2024, sem hefur að geyma rekstraryfirlit og helstu kennitölur, rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit og skýringar.

Stjórn og forstjóri fyrirtækisins eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan staðal um árshlutareikninga, IAS 34. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um *Könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum*. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirsurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun er talsvert umfangsminni en endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningnum.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar sé í öllum meginatriðum í samræmi við IAS 34 „Árshlutareikningar“.

Reykjavík, 26. ágúst 2024.

Grant Thornton endurskoðun ehf.

Davíð Arnar Einarsson,
Löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur

1. janúar til 30. júní 2024

	Skýr.	2024 1.4.-30.6.	2023 1.4.-30.6.	2024 1.1.-30.6.	2023 1.1.-30.6.
Rekstrartekjur	4	15.098.264	13.737.957	32.795.300	29.909.341
Innlausn álvarna	2 (10.591)	157.708	127.390	219.968
Söluhagnaður		8.609	6.942	14.704	9.591
Rekstrartekjur samtals		<u>15.096.282</u>	<u>13.902.607</u>	<u>32.937.394</u>	<u>30.138.900</u>
Orkukaup og flutningur	(1.652.331)	(1.164.099)	(3.794.332)	(3.453.383)
Laun og launatengd gjöld	6 (2.733.596)	(2.819.587)	(5.289.704)	(5.138.011)
Annar rekstrarkostnaður	(2.087.354)	(1.907.144)	(4.250.883)	(3.689.475)
Rekstrarkostnaður samtals	(<u>6.473.280)</u>	<u>(5.890.830)</u>	<u>(13.334.919)</u>	<u>(12.280.869)</u>
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)		<u>8.623.002</u>	<u>8.011.778</u>	<u>19.602.475</u>	<u>17.858.031</u>
Afskriftir	9,10 (4.209.504)	(3.857.727)	(8.316.226)	(7.686.505)
Rekstrarhagnaður (EBIT)		<u>4.413.498</u>	<u>4.154.051</u>	<u>11.286.249</u>	<u>10.171.526</u>
Vaxtatekjur		204.149	111.785	322.134	196.347
Vaxtagjöld	(4.222.564)	(3.927.904)	(8.082.520)	(8.229.123)
Aðrar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum	2	1.235.656	(2.321.574)	1.401.499	(1.005.202)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	7	<u>(2.782.759)</u>	<u>(6.137.692)</u>	<u>(6.358.887)</u>	<u>(9.037.978)</u>
Áhrif hlutdeildarfélaganna		0	(6.821)	3.943	(170)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt		<u>1.630.739</u>	<u>(1.990.462)</u>	<u>4.931.305</u>	<u>1.133.378</u>
Tekjuskattur	(263.786)	1.195.185	(662.703)	416.208
Hagnaður (tap) tímabilsins		<u>1.366.954</u>	<u>(795.278)</u>	<u>4.268.602</u>	<u>1.549.586</u>
Skipting hagnaðar (taps)					
Eigendur fyrirtækisins		1.367.081	(795.236)	4.268.851	1.549.603
Minnihluti í dótturfélögum	(127)	(42)	(249)	(17)
		<u>1.366.954</u>	<u>(795.278)</u>	<u>4.268.602</u>	<u>1.549.586</u>

Skýringar á bls. 12-23 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Yfirlit um heildarafkomu 1. janúar til 30. júní 2024

	2024 1.4.-30.6.	2023 1.4.-30.6.	2024 1.1.-30.6.	2023 1.1.-30.6.
Hagnaður tímabilsins	1.366.954	(795.278)	4.268.602	1.549.586
Önnur heildarafkoma				
Liðir færðir beint á eigið fé sem gætu verið færðir síðar í rekstrarreikning				
Þýðingarmunur	254.772	270.323	1.487.522	(2.457.298)
Önnur heildarafkoma eftir skatta	254.772	270.323	1.487.522	(2.457.298)
Heildarafkoma	<u>1.621.725</u>	<u>(524.955)</u>	<u>5.756.124</u>	<u>(907.712)</u>

Skýringar á bls. 12-23 eru óaðskiljanlegur hluti ársþlutareikningsins.

Efnahagsreikningur 30. júní 2024

	Skýr.	30.6.2024	31.12.2023
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	9	437.553.341	430.996.271
Óefnislegar eignir	10	6.032.866	5.950.008
Leigueign		2.368.541	2.293.737
Eignarhlutar í hlutdeildarfélagum		88.671	81.228
Eignarhlutar í öðrum félagum		55.480	55.680
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum		2.061.456	1.914.127
Áhættuvarnarsamningar		38.593	50.239
Tekjuskatteign		4.906.576	4.792.026
Fastafjármunir samtals		453.105.525	446.133.316
Birgðir		1.631.333	1.653.315
Viðskiptakröfur	8	7.382.716	6.580.535
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum		434.219	15.306
Eignarhlutur til sölu	13	6.207.000	6.207.000
Áhættuvarnarsamningar		73.863	218.901
Aðrar skammtímakröfur		1.155.032	1.086.871
Fyrirframgreiddur kostnaður		473.758	382.182
Markaðsverðbréf		10.359.449	8.670.016
Handbært fé		14.598.427	10.342.367
Veltufjármunir samtals		42.315.797	35.156.494
Eignir samtals		495.421.322	481.289.810
Eigið fé			
Endurmatsreikningur varanlegra rekstrarfjármuna		127.978.791	130.534.225
Bundinn hlutdeildarreikningur		88.197.141	82.377.266
Bundið eigið fé vegna þróunar		179.440	137.330
Gangvirðisreikningur		5.807.000	5.807.000
Þýðingarmunur		10.266.405	8.778.883
Óráðstafað eigið fé		27.311.228	31.348.927
Eigið fé móðurfyrirtækis		259.740.004	258.983.631
Hlutdeild minnihluta		39	290
Eigið fé samtals		259.740.043	258.983.922
Skuldir			
Vaxtaberandi skuldir		171.460.701	165.248.925
Leiguskuld		2.272.612	2.227.221
Lífeyrisskuldbinding		730.220	721.527
Áhættuvarnarsamningar		147.377	110.834
Fyrirframinnheimtar tekjur		1.822.153	1.709.737
Tekjuskattsskuldbinding		22.767.671	23.064.598
Langtímaskuldir samtals		199.200.735	193.082.843
Viðskiptaskuldir		3.373.604	3.957.445
Vaxtaberandi skuldir		16.714.738	16.928.649
Leiguskuld		188.730	176.490
Áhættuvarnarsamningar		192.292	82.057
Fyrirframinnheimtar tekjur	8	2.408.401	491.938
Tekjuskattur til greiðslu		1.334.993	1.887.042
Arður til eigenda	13	5.000.000	0
Aðrar skammtímaskuldir		7.267.786	5.699.424
Skammtímaskuldir samtals		36.480.543	29.223.045
Skuldir samtals		235.681.278	222.305.888
Eigið fé og skuldir samtals		495.421.322	481.289.810

Skýringar á bls. 12-23 eru óaðskiljanlegur hluti árslutareikningsins.

Eiginfjáryfirlit

1. janúar til 30. júní 2024

	Endurmats- reikningur rekstrarfjárm.	Bundinn hlutdeildar- reikningur	Bundið eigið fé v. þróunar	Gangvirðis- reikningur	Þýðingar- munur	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé meirihluta- eigenda	Hlutdeild minnihluta	Samtals eigið fé
1.1.-30.6. 2024									
Eigið fé 1. janúar 2024	130.534.225	82.377.266	137.330	5.807.000	8.778.883	31.348.927	258.983.631	290	258.983.922
Þýðingarmunur					1.487.522		1.487.522		1.487.522
Hagnaður tímabilsins						4.268.851	4.268.851	(249)	4.268.602
Heildarafkoma	0	0	0	0	1.487.522	4.268.851	5.756.373	(249)	5.756.124
Innlausn endurmats vegna afskrifta	(2.555.434)					2.555.434	0		0
Hlutdeild í hagnaði dóttur- og hlutdeildarf. umfram mótttekinn arð		5.819.875				(5.819.875)	0		0
Aðrar breytingar								(2)	(2)
Bundið eigið fé vegna þróunar			42.109			(42.109)	0		0
Arður til eigenda						(5.000.000)	(5.000.000)		(5.000.000)
Eigið fé 30. júní 2024	127.978.791	88.197.141	179.440	5.807.000	10.266.405	27.311.228	259.740.004	39	259.740.043
1.1.-30.6. 2023									
Eigið fé 1. janúar 2023	121.092.491	74.657.104	111.277	5.232.000	11.543.578	33.413.364	246.049.815	337	246.050.152
Þýðingarmunur						(2.457.298)	(2.457.298)		(2.457.298)
Hagnaður tímabilsins						1.549.603	1.549.603	(17)	1.549.586
Heildarafkoma	0	0	0	0	(2.457.298)	1.549.603	(907.695)	(17)	(907.712)
Innlausn endurmats vegna afskrifta	(2.330.307)					2.330.307	0		0
Hlutdeild í hagnaði dóttur- og hlutdeildarf. umfram mótttekinn arð		3.804.945				(3.804.945)	0		0
Aðrar breytingar								(6)	(6)
Bundið eigið fé vegna þróunar			14.236			(14.236)	0		0
Arður til eigenda						(5.500.000)	(5.500.000)		(5.500.000)
Eigið fé 30. júní 2023	118.762.185	78.462.049	125.513	5.232.000	9.086.280	27.974.093	239.642.119	314	239.642.434

Skýringar á bls. 12-23 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Sjóðstreymisýfirlit

1. janúar til 30. júní 2024

	2024 1.1.-30.6.	2023 1.1.-30.6.
Rekstrarhreyfingar		
Hagnaður tímabilsins	4.268.602	1.549.586
Leiðrétt fyrir:		
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	6.358.887	9.037.978
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaganna	(3.943)	170
Tekjuskattur	662.703	(416.208)
Afskriftir	8.316.226	7.686.505
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna	(14.704)	(9.591)
Lífeyrisskuldbinding, breyting	8.693	58.508
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta	19.596.464	17.906.948
Birgðir, lækkun	21.982	104.632
Skammtímakröfur, hækkun	(635.976)	(725.168)
Skammtímaskuldir, hækkun	2.804.442	1.285.722
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	21.786.912	18.572.133
Innborgaðar vaxtatekjur	98.290	61.519
Greidd vaxtagjöld	(3.926.740)	(3.552.800)
Mótttekinn arður	94.826	191.155
Greiddir skattar	(697.506)	(553.519)
Handbært fé frá rekstri	17.355.782	14.718.487
Fjárfestingarhreyfingar		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(12.740.581)	(10.130.484)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(910.583)	(353.756)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna	23.119	69.194
Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum	(3.500)	0
Breyting á markaðsverðbréfum	(1.350.390)	(61.011)
Fjárfestingarhreyfingar	(14.981.935)	(10.476.056)
Fjármögnunarhreyfingar		
Tekin ný langtímalán	10.807.624	15.291.638
Afborganir langtímaskulda	(9.072.843)	(13.083.627)
Fyrirframinnheimtar tekjur	94.464	373.447
Greiddur arður	0	(5.500.000)
Afborganir leiguskulda	(68.926)	(78.194)
Fjármögnunarhreyfingar	1.760.319	(2.996.736)
Hækkun á handbæru fé	4.134.166	1.245.695
Handbært fé í ársbyrjun	10.342.367	6.650.749
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	121.895	(59.611)
Handbært fé í lok tímabilsins	14.598.427	7.836.833
Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	1.135.698	(134.665)
Skammtímaskuldir, breyting	(1.135.698)	134.665
Aðrar upplýsingar		
Veltufé frá rekstri	14.556.048	13.911.664

Skýringar á bls. 12-23 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Skýringar

1. Félagið

Orkuveita Reykjavíkur (Orkuveitan) er sameignarfyritæki sem starfar á grundvelli laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur. Orkuveitan er með höfuðstöðvar á Íslandi að Bæjarhálsi 1 í Reykjavík. Samandreginn samstæðuárshlutareikningur Orkuveitunnar geymir árshlutareikning móðurfyrirtækisins og dótturfélaga þess, (sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“) og hlutdeild í hlutdeildarfélögum. Samstæðuárshlutareikningur Orkuveitunnar er hluti af samstæðuárshlutareikningi Reykjavíkurborgar.

Samstæðan veitir þjónustu í gegnum dótturfélög sín sem reka orkuver, rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu, ljósleiðara og kolefnisförgun á þjónustusvæði sínu.

Dótturfélög í samstæðunni	Meginstarfsemi	Starfrækslu- gjaldmiðill	Eignarhluti	
			30.6.2024	31.12.2023
Ljósleiðarinn ehf.	Gagnaflutningar	ISK	100%	100%
OR Eignir ohf.	Eignarhaldsfélag	ISK	100%	100%
Veitur ohf.	Uppbygging og rekstur veitukerfa	ISK	100%	100%
Orka náttúrunnar ohf.	Vinnsla og sala rafmagns	ISK	100%	100%
ON Power ohf.	Vinnsla og sala rafmagns	USD	100%	100%
OR - vatns- og fráveita sf.	Vatns- og fráveitustarfsemi	ISK	100%	100%
Eignarhaldsfélagið Carbfix ohf.	Ráðgjöf, rannsóknir og nýsköpun	ISK	99,9%	99,9%
Carbfix hf.	Ráðgjöf, rannsóknir og nýsköpun	EUR	100%	100%
Coda Terminal hf.	Uppbygging og rekstur á móttöku- og förgunarstöð fyrir koldíoxíð.	EUR	100%	100%

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, *árshlutareikningsskil*. Samandreginn árshlutareikningur Orkuveitunnar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2023. Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2023. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá félaginu á vef þess www.orkuveitan.is, sem og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com.

Stjórn staðfesti og heimilaði birtingu árshlutareikningsins 26. ágúst 2024.

b. Breyting á framsetningu

Framsetningu rekstrarreiknings hefur verið breytt frá sama tímabili fyrra árs. Breytingin felst í því að innleystar álvarnar eru færðar meðal rekstrartekna en voru áður taldar með fjármunatekjum og fjármagnsgjöldum. Það er mat stjórnenda félagsins að breytt flokkun gefi gleggri mynd af rekstrartekjum félagsins. Framsetningu samanburðarfjárhæða í rekstrarreikningi hefur verið breytt til samræmis.

Framsetningu verka í vinnslu í efnahagsreikningi hefur verið breytt. Verk í vinnslu verða seld innan samstæðu og hafa því verið endurflokkuð meðal varanlegra rekstarfjármuna og óefnislegra eigna í samræmi við endanlega flokkun þeirra.

c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill Orkuveitunnar. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

d. Matsaðferðir

Reikningsskil samstæðunnar eru gerð á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að hluti varanlegra rekstrarfjármuna hafa verið endurmetnir til gangvirðis, innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum, eignarhlutar í öðrum félögum og aðrar fjáreignir og fjárskuldir eru færð á gangvirði. Fjallað er um aðferðir við mat á gangvirði í skýringu 41 með ársreikningi 2023.

Skýringar

2. Grundvöllur reikningsskilanna, frh.

e. *Erlendir gjaldmiðlar*

i) *Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum*

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli einstakra samstæðufélaga á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar á gengi uppgjörsdags. Aðrar eignir og skuldir sem færðar eru á gangvirði í erlendri mynt eru færðar á gengi þess dags er gangvirði var ákveðið. Gengismunur vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum er færður í rekstrarreikning.

ii) *Dótturfélag með annan starfrækslugjaldmiðil en íslenska krónu*

Eignir og skuldir starfsemi félaga samstæðunnar sem hafa bandarískan dollar (USD) og Evru (EUR) sem starfrækslugjaldmiðil eru umreiknaðar í íslenskar krónur (ISK) miðað við gengi uppgjörsdags. Tekjur og gjöld þessara starfsemi eru umreiknuð í ISK á meðalgengi tímabilsins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í ISK er færður á sérstakan lið í yfirliti um heildarafkomu. Þegar starfsemi með annan starfrækslugjaldmiðil en íslenska krónu er seld, að hluta til eða að öllu leyti, er tengdur gengismunur fluttur í rekstrarreikning.

f. *Mat og ákvarðanir við beitingu reikningsskilaaðferða*

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati. Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Skýringar

3. Starfsemi og tekjuskráning samstæðufélaga

Eftirfarandi eru upplýsingar um starfsemi samstæðufélaga. Sundurliðun tekna eftir afurðum er að finna í skýringu nr. 4 og tekjur eftir starfsþáttum í skýringu nr. 5.

Vörur og þjónusta

Eðli, tímasetning tekjuinnlausnar og greiðsluskilmálar

- a. Sala á rafmagni**
- ON Power ohf. og Orka náttúrunnar ohf. annast framleiðslu og sölu á rafmagni og Veitur ohf. dreifa rafmagni skv. gjaldskrá. Tekjur af sölu og dreifingu á raforku eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu til kaupenda á tímabilinu og á föstu gjaldi. Gjaldskrá fyrir dreifingu raforku er háð tekjumörkum sem gefin er út af Orkustofnun í samræmi við raforkulög nr. 65/2003. Við tengingu á nýju húsnæði við veitukerfi raforku og við endurnýjun á tengingu, er innheimt sérstakt gjald til að mæta kostnaði vegna nýrra kerfa eða endurnýjunar þeirra. Tekjur af tengigjöldum eru færðar í rekstrarreikning við tengingu. Viðskiptakröfur vegna sölu á rafmagni hafa alla jafna 30 daga greiðslufrest og er gjalddagi sá sami og eindagi. Einstaka samningar við ákveðna viðskiptavini gætu verið með öðru greiðslufyrirkomulagi en það er undantekning.
- b. Sala á heitu vatni**
- Veitur ohf., ON Power ohf. og Orka náttúrunnar ohf. annast framleiðslu á heitu vatni og Veitur ohf. annast dreifingu á heitu vatni. Tekjur af sölu og dreifingu á heitu vatni eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu til kaupenda á tímabilinu og föstu gjaldi. Við tengingu á nýju húsnæði við veitukerfi hitaveitu og við endurnýjun á tengingu, er innheimt sérstakt gjald til að mæta kostnaði vegna nýrra kerfa eða endurnýjunar þeirra. Tekjur af tengigjöldum eru færðar í rekstrarreikning við tengingu. Viðskiptakröfur vegna sölu á heitu vatni hafa alla jafna 30 daga greiðslufrest og er gjalddagi sá sami og eindagi. Einstaka samningar við ákveðna viðskiptavini gætu verið með öðru greiðslufyrirkomulagi en það er undantekning.
- c. Sala á köldu vatni**
- OR - Vatns- og fráveita sf. annast öflun og dreifingu á köldu vatni. Tekjur af sölu á köldu vatni taka mið af stærð húsnæðis sem er tengt kerfum, auk fasts gjalds sem er fært línulega yfir tímabil. Lögbundin takmörkun á efri mörkum gjaldskrár félagsins er 0,5% af fasteignamati. Að auki eru tekjur færðar samkvæmt mældri notkun á köldu vatni hjá tiltekinni atvinnustarfssemi. Við tengingu á nýju húsnæði við veitukerfi vatnsveitu og við endurnýjun á tengingu, er innheimt sérstakt gjald til að mæta kostnaði vegna nýrra kerfa eða endurnýjunar þeirra. Tekjur af tengigjöldum eru færðar í rekstrarreikning við tengingu. Viðskiptakröfur vegna sölu á köldu vatni hafa alla jafna 30 daga greiðslufrest og er gjalddagi sá sami og eindagi. Einstaka samningar við ákveðna viðskiptavini gætu verið með öðru greiðslufyrirkomulagi en það er undantekning. Vatns- og fráveitugjöld eru innheimt á fyrstu 9 mánuðum ársins en tekjunum er dreift jafnt á allt árið reikningshaldslega.

Skýringar

3. Starfsemi og tekjuskráning samstæðufélaga, frh.

Vörur og þjónusta

Eðli, tímasetning tekjuinnlausnar og greiðsluskilmálar

d. Fráveita

OR - Vatns- og fráveita sf. annast rekstur fráveitu. Tekjur fráveitu taka mið af stærð húsnæðis sem er tengt kerfum, auk fasts gjalds sem er fært línulega yfir tímabil. Lögbundin takmörkun á efri mörkum gjaldskrár er 0,5% af fasteignamati. Við tengingu á nýju húsnæði við veitukerfi fráveitu og við endurnýjun á tengingu, er innheimt sérstakt gjald til að mæta kostnaði vegna nýrra kerfa eða endurnýjunar þeirra. Tekjur af tengigjöldum eru færðar í rekstrarreikning við tengingu. Viðskiptakröfur vegna fráveitu hafa alla jafna 30 daga greiðslufrest og er gjalddagi sá sami og eindagi. Einstaka samningar við ákveðna viðskiptavini gætu verið með öðru greiðslufyrirkomulagi en það er undantekning. Vatns- og fráveitugjöld eru innheimt á fyrstu 9 mánuðum ársins en tekjunum er dreift jafnt á allt árið reikningshaldslega.

e. Aðrar tekjur

Ljósleiðarinn ehf. sér um rekstur ljósleiðarakerfis. Tekjur af ljósleiðarakerfi eru færðar við afhendingu á vöru og þjónustu. Um er að ræða samkeppnisrekstur sem er undir eftirliti Fjarskiptastofu. Orkuveitan sér um leigu á húsnæði og búnaði, tilfallandi sölu á sérfræðiþjónustu og fleiru. Tekjur Carbfix félaganna eru vegna ráðgjafar, uppbyggingar og rekstrar á förgunarstöðum. Leigutekjur eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum. Aðrar tekjur eru færðar við afhendingu á vöru eða þjónustu. Viðskiptakröfur vegna annarra tekna og leigutekna hafa alla jafna 30 daga greiðslufrest.

4. Tekjur af vöru- og þjónustusölu

Tekjur samstæðunnar af sölu á vörum og þjónustu sundurliðast þannig:

	2024	2023
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Rafmagn.....	12.552.351	12.131.509
Heitt vatn.....	10.666.015	9.265.098
Kalt vatn.....	1.949.002	1.824.171
Fráveita.....	3.536.331	3.293.635
Aðrar tekjur.....	4.091.602	3.394.928
Tekjur af vöru- og þjónustusölu samtals.....	32.795.300	29.909.341

Skýringar

5. Starfsþáttayfirlit, frh.

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir innri upplýsingagjöf Orkuveitunnar. Starfsþættir sem eru birtir eru *Veitur*, sem samanstanda af veiturekstri samstæðunnar í heitu og köldu vatni, dreifingu rafmagns og fráveitu, *Orkusala og framleiðsla* vegna samkeppnisreksturs í framleiðslu og sölu rafmagns og heits vatns auk *Annarrar starfsemi* sem sýnir rekstur móðurfyrirtækisins, *Ljósleiðarans og Carbfix félaganna*. Móðurfyrirtækið sér um þjónustu við dótturfélög, leigu húsnæðis og búnaðar, tilfallandi sölu sérfræðiþjónustu og fleira. Ljósleiðarinn sér um rekstur ljósleiðarakerfis og Carbfix félögin vinna að þróun og útbreiðslu Carbfix kolefnisbindingaraðferðarinnar með það að markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og sporna gegn loftlagsbreytingum. Við gerð starfsþáttayfirlits er notast við sömu reikningsskilareglur og samstæðan notast við og lýst er í skýringu 41 í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2023.

Rekstrarstarfsþættir - svið

	Veitur	Orkusala og framleiðsla	Önnur starfsemi	Jöfnunar- færslur	Beiting IFRS 16*	Samtals
1.1.-30.6. 2024						
Tekjur frá þriðja aðila	21.270.678	9.125.808	2.540.908	0		32.937.394
Tekjur innan samstæðu	2.957.191	4.200.834	6.088.020	(13.246.045)		0
Tekjur starfsþátta	24.227.869	13.326.642	8.628.928	(13.246.045)		32.937.394
Rekstrargjöld starfsþátta	(13.358.487)	(5.901.748)	(7.385.964)	13.179.187	132.092	(13.334.919)
Rekstrarhagnaður starfsþátta, EBITDA	10.869.383	7.424.894	1.242.964	(66.858)	132.092	19.602.475
Afskriftir	(3.768.145)	(2.993.613)	(1.529.008)	47.315	(72.775)	(8.316.226)
Afkoma starfsþátta, EBIT	7.101.237	4.431.281	(286.043)	(19.543)	59.317	11.286.249
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(3.365.190)	(1.671.414)	(1.870.223)	590.085	(42.144)	(6.358.887)
Áhrif hlutdeildarféлага	0	0	3.943	0		3.943
Tekjuskattur	(462.168)	(564.834)	583.663	(212.907)	(6.457)	(662.703)
Hagnaður (tap) tímabilsins	3.273.879	2.195.033	(1.568.660)	357.635	10.716	4.268.602
1.1.-30.6. 2023						
Tekjur frá þriðja aðila	19.074.764	8.819.355	2.244.781	0		30.138.900
Tekjur innan samstæðu	2.449.986	3.792.557	5.621.553	(11.864.096)		(0)
Tekjur starfsþátta	21.524.750	12.611.912	7.866.334	(11.864.096)		30.138.900
Rekstrargjöld starfsþátta	(11.696.608)	(5.883.460)	(6.651.291)	11.819.883	130.607	(12.280.869)
Rekstrarhagnaður starfsþátta, EBITDA	9.828.142	6.728.452	1.215.043	(44.214)	130.607	17.858.031
Afskriftir	(3.481.187)	(2.857.320)	(1.300.195)	30.735	(78.537)	(7.686.505)
Afkoma starfsþátta, EBIT	6.346.955	3.871.132	(85.152)	(13.478)	52.070	10.171.526
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(4.509.132)	(947.684)	(923.032)	(2.625.358)	(32.772)	(9.037.978)
Áhrif hlutdeildarféлага	0	0	(170)	0		(170)
Tekjuskattur	(242.836)	(588.777)	318.327	936.751	(7.256)	416.208
Hagnaður (tap) tímabilsins	1.594.986	2.334.670	(690.027)	(1.702.085)	12.042	1.549.586

* Upplýsingar sem stjórnendur horfa til vegna starfsþátta taka ekki mið af reglum IFRS 16.

Skýringar

5. Starfsþáttayfirlit, frh.

Rekstrarstarfsþættir - svið, frh.

	Veitur	Orkusala og framleiðsla	Önnur starfsemi	Jöfnunarfærslur	Beiting IFRS 16*	Samtals
Efnahagur (30.6.2024)						
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	233.167.432	154.627.691	56.052.323	(261.239)		443.586.207
Leigueignir					2.368.541	2.368.541
Aðrar eignir	30.241.799	7.500.371	197.585.236	(185.860.833)		49.466.574
						<u>495.421.322</u>
Vaxtaberandi skuldir	87.465.426	55.215.315	191.275.439	(145.780.741)		188.175.439
Leiguskuldir					2.461.342	2.461.342
Aðrar skuldir	21.239.047	13.850.259	51.190.844	(41.235.655)		45.044.497
						<u>235.681.278</u>
Fjárfestingar (1.1.-30.6.2024)						
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	6.581.640	2.851.172	3.082.654	0		12.515.465
Efnahagur (31.12.2023)						
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	230.353.938	152.358.342	54.495.239	(261.239)		436.946.279
Leigueignir					2.293.737	2.293.737
Aðrar eignir	25.611.049	10.055.838	178.924.277	(172.541.371)		42.049.793
						<u>481.289.810</u>
Vaxtaberandi skuldir	82.731.886	55.536.810	184.377.574	(140.468.696)		182.177.574
Leiguskuldir					2.403.711	2.403.711
Aðrar skuldir	18.802.222	13.418.382	38.804.246	(33.300.248)		37.724.603
						<u>222.305.888</u>
Fjárfestingar (1.1.-30.6.2023)						
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	5.816.218	1.655.219	4.132.412	(984.944)		10.618.904

* Upplýsingar sem stjórnendur horfa til vegna starfsþátta taka ekki mið af reglum IFRS 16.

Skýringar

6. Laun og launatengd gjöld

	2024 1.1.-30.6.	2023 1.1.-30.6.
Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Laun	5.002.016	4.693.656
Mótframlag í lífeyrissjóði	641.622	584.009
Breyting lífeyrisskuldbindingar	43.500	79.464
Önnur launatengd gjöld	468.674	391.428
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>6.155.812</u>	<u>5.748.556</u>
Laun og launatengd gjöld eru þannig færð í ársreikninginn:		
Gjaldfært í rekstrarreikningi	5.289.704	5.138.011
Eignfært á framkvæmdir	866.108	610.546
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>6.155.812</u>	<u>5.748.556</u>
Starfsfólk:		
Fjöldi ársverka	670,4	616,9
Starfskjör stjórnar, forstjóra og framkvæmdastjóra/stýra móðurfyrirtækis og dótturfélaga greinast þannig:		
Laun og mótframlag í lífeyrissjóð stjórnar móðurfyrirtækis	13.498	12.771
Laun og mótframlag í lífeyrissjóð forstjóra móðurfyrirtækis	24.103	20.017
Laun og mótframlag í lífeyrissjóð framkvæmdastjóra/stýra móðurfyrirtækis*	54.612	54.451
Laun og mótframlag í lífeyrissjóð stjórnar dótturfélaga**	16.724	9.863
Laun og mótframlag í lífeyrissjóð fjögurra framkvæmdastjóra dótturfélaga	83.343	79.799
Starfslokagreiðslur	0	66.587
	<u>192.280</u>	<u>243.487</u>

*Fjögur í hlutverki framkvæmdastjóra/stýra til 28.2.2023 en þrjú frá og með 1.3.2023

**Fimm stjórnir frá 1.6.2023, voru áður fjórar.

7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	2024 1.1.-30.6.	2023 1.1.-30.6.
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtatekjur	322.134	196.347
Vaxtagjöld og greiddar verðbætur	(3.838.486)	(3.261.988)
Áfallnar verðbætur	(4.046.494)	(4.735.284)
Ábyrgðargjald til eigenda 1)	(197.540)	(231.851)
Vaxtagjöld samtals	(8.082.520)	(8.229.123)
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum	566.242	(2.639.820)
Gangvirðisbreytingar fjáreigna og fjárskulda á gangvirði í gegnum rekstur	339.043	282.338
Óinnleystar gangvirðisbreytingar áhættuvarnarsamninga	(303.462)	694.614
Gengismunur	678.167	412.842
Arðstekjur	121.509	244.825
Aðrar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum samtals	1.401.499	(1.005.202)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	<u>(6.358.887)</u>	<u>(9.037.978)</u>

Skýringar

7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld, frh.

1) Samstæðan greiddi ábyrgðargjald til eigenda Orkuveitunnar vegna ábyrgða sem þeir hafa veitt á skuldir samstæðunnar samkvæmt ákvörðun aðalfundar Orkuveitunnar árið 2005. Gjaldið er á ársgrunni, 0,86% (2023: 0,81%) á lán vegna sérleyfisstarfsemi og 0,66% (2023: 0,65%) á lán vegna samkeppnisstarfsemi. Útreikningur gjaldsins er gerður miðað við stöðu lána í lok hvers ársfjórðungs. Ábyrgðargjaldið nam samtals 198 milljónum kr. á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2024 (1.1.-30.6.2023: 232 milljónir kr.) og er fært á meðal vaxtagjalda.

Gangvirðisbreytingar gegnum rekstur

Við mat á gangvirði óskráðra fjáreigna og fjárskulda er beitt viðurkenndum verðmatsaðferðum sem er lýst í skýringu 41 í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2023. Gangvirðisbreyting sem færð er til tekna í rekstrarreikningi vegna þessa nemur samtals 602 milljónum kr. á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2024 (1.1.-30. júní 2023: gjaldfærsla að fjárhæð 1.663 milljónir kr.). Gangvirðisbreytingar sem tilheyra fjáreignum og fjárskuldum sem flokkaðar eru á stigi 3 er tekjufærsla að fjárhæð 566 milljónum kr. á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2024 (1.1.-30.6.2023: gjaldfærsla að fjárhæð 2.640 milljónir kr.).

8. Viðskiptakröfur og fyrirfram innheimtar tekjur

Staða viðskiptakrafna og staða fyrirfram innheimtra tekna breytist talsvert milli tímabila þar sem smásala er innheimt með jöfnum greiðslum en raunnotkun sveiflast talsvert á milli tímabila. Einnig eru vatns- og fráveitugjöld reikningsfærð á fyrstu níu mánuðum ársins en þeim tekjum er dreift jafnt á allt árið. Skráning tekna fer eftir notkun og afhendingu þjónustunnar í samræmi við reikningskilareglur.

9. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Framleiðslu- kerfi	Veitu- kerfi	Aðrar fasteignir	Aðrir lausa- fjármunir	Samtals
30.6.2024					
Heildarverð					
Staða í ársbyrjun	375.981.252	465.614.035	13.431.037	5.545.699	860.572.022
Viðbætur á árinu	4.153.260	6.333.797	852.253	694.834	12.034.144
Endurflokkun eigna	0	0	0 (44.972)	(44.972)
Þýðingarmunur	3.236.667	0	0 (9.769)	3.226.898
Selt og aflagt á árinu	2.828	(1.374)	0 (56.798)	(55.345)
Staða í árslok	383.374.007	471.946.458	14.283.289	6.128.993	875.732.747
Afskriftir					
Staða í ársbyrjun	175.082.753	250.788.956	1.210.036	2.494.006	429.575.751
Afskrifað á árinu	3.906.275	3.632.654	38.346	273.336	7.850.610
Endurflokkun eigna	0	0	0 (44.972)	(44.972)
Þýðingarmunur	846.670	0	0 (250)	846.419
Selt og aflagt á árinu	(4)	4	0 (48.402)	(48.402)
Staða í árslok	179.835.694	254.421.614	1.248.381	2.673.717	438.179.406
Bókfært verð					
Bókfært verð 1.1. 2024.....	200.898.499	214.825.078	12.221.001	3.051.693	430.996.271
Bókfært verð 30.6.2024.....	203.538.313	217.524.844	13.034.908	3.455.276	437.553.341

Skýringar

9. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.	Framleiðslu-kerfi	Veitu-kerfi	Aðrar fasteignir	Aðrir lausa-fjármunir	Samtals
31.12.2023					
Heildarverð					
Staða í ársbyrjun	355.699.819	432.329.044	12.220.189	4.215.137	804.464.190
Viðbætur á árinu	10.268.182	13.905.247	1.262.575	1.576.710	27.012.715
Þýðingarmunur	(6.107.551)	0	0	85	(6.107.467)
Selt og aflagt á árinu	22.753	0	(51.727)	(246.233)	(275.207)
Endurmat, hækkun	16.098.048	19.379.744	0	0	35.477.792
Staða í árslok	375.981.252	465.614.035	13.431.037	5.545.699	860.572.022
Afskriftir					
Staða í ársbyrjun	161.908.071	232.571.539	978.205	2.245.457	397.703.273
Afskrifað á árinu	7.544.640	6.823.342	231.830	442.652	15.042.464
Þýðingarmunur	(1.492.108)	0	0	5	(1.492.103)
Selt og aflagt á árinu	(27.983)	0	0	(194.108)	(222.091)
Endurmat, hækkun	7.150.133	11.394.075	0	0	18.544.208
Staða í árslok	175.082.753	250.788.956	1.210.036	2.494.006	429.575.751
Bókfært verð					
Bókfært verð 1.1. 2023.....	193.791.749	199.757.504	11.241.984	1.969.680	406.760.917
Bókfært verð 31.12.2023.....	200.898.499	214.825.078	12.221.001	3.051.693	430.996.271

10. Óefnislegar eignir

	Hita-réttindi	Hugbúnaður	Þróunareignir	Viðskipta-sambönd	Samtals
30.6.2024					
Heildarverð					
Staða í ársbyrjun	1.478.758	5.521.463	446.062	1.908.000	9.354.283
Viðbætur á árinu	0	346.375	134.947	0	481.321
Endurflokkun	0	0	44.972	0	44.972
Selt og aflagt á árinu	0	0	(1.453)	0	(1.453)
Þýðingarmunur	0	0	(4.151)	0	(4.151)
Staða í árslok	1.478.758	5.867.838	620.375	1.908.000	9.874.972
Afskriftir					
Staða í ársbyrjun	457.768	2.888.453	20.206	37.847	3.404.275
Afskrifað á árinu	0	301.488	3.316	88.055	392.859
Endurflokkun	0	0	44.972	0	44.972
Staða í árslok	457.768	3.189.941	68.494	125.902	3.842.106
Bókfært verð					
Bókfært verð 1.1. 2024	1.020.990	2.633.010	425.855	1.870.153	5.950.008
Bókfært verð 30.6.2024	1.020.990	2.677.897	551.881	1.782.098	6.032.866
31.12.2023					
Heildarverð					
Staða í ársbyrjun	1.427.031	4.484.555	182.982	0	6.094.568
Endurflokkun eigna	51.727	0	0	0	51.727
Viðbætur á árinu	0	1.259.477	318.404	1.908.000	3.485.881
Selt og aflagt á árinu	0	(222.568)	(56.039)	0	(278.607)
Þýðingarmunur	0	0	714	0	714
Staða í árslok	1.478.758	5.521.463	446.062	1.908.000	9.354.283
Afskriftir					
Staða í ársbyrjun	457.768	2.516.136	13.885	0	2.987.789
Afskrifað á árinu	0	540.731	6.321	37.847	584.899
Selt og aflagt á árinu	0	(168.413)	0	0	(168.413)
Staða í árslok	457.768	2.888.453	20.206	37.847	3.404.275
Bókfært verð					
Bókfært verð 1.1. 2023	969.263	1.968.419	169.097	0	3.106.779
Bókfært verð 31.12.2023	1.020.990	2.633.010	425.855	1.870.153	5.950.008

Skýringar

11. Gangvirði

Samanburður á gangvirði og bókfærðu verði

Bókfært verð fjáreigna og fjárskulda á uppgjörstigi er jafnt og gangvirði þeirra, fyrir utan vaxtaberandi skuldir sem eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði. Bókfært verð og gangvirði þeirra greinist með eftirfarandi hætti:

	30.6.2024		31.12.2023	
	Bókfært verð	Gangvirði	Bókfært verð	Gangvirði
Vaxtaberandi skuldir	188.175.439	172.817.397	182.177.574	171.579.725

Gangvirði vaxtaberandi skulda er reiknað núvirði höfuðstóls og vaxta, sem er afvaxtað með markaðsvöxtum, auk viðeigandi áhættuálags á uppgjörstigi. Gangvirði vaxtaberandi skulda þar sem beint eða óbeint markaðsverð er til staðar er metið sem 1. stigs gangvirði. Gangvirði fyrir skuldbindingar sem ekki er unnt að afla beinnar eða óbeinnar verðlagningar er metið sem 2. stigs gangvirði.

Vextir við mat á gangvirði

Þar sem við á er notaður vaxtaferill á uppgjörstigi þegar vænt sjóðstreymi er núvirt. Vextirnir greinast þannig:

	30.6.2024	31.12.2023
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	7,81% til 9,23%	7,32% til 9,24%
Áhættuvarnarsamningar	5,37% til 5,96%	4,3% til 5,6%
Vaxtaberandi skuldir	2,05% til 11,26%	2,05% til 11,46%

Næmnigreiningar á áhrif breytinga á vaxtastigi, gengi gjaldmiðla og álverði eru sýndar í skýringu 29 með ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2023. Bent er á að hafa þessa skýringu til hliðsjónar við lestur árs hlutareikningsins þar sem breyting á þessum forsendum hefur talsverð áhrif á ýmsar stærðir í reikningsskilum samstæðunnar.

Stig gangvirðis

Taflan sýnir fjármálagerninga sem færðir eru í reikningsskilin, flokkaða eftir stigi gangvirðis. Stig gangvirðis eru skilgreind út frá verðmatsaðferð á eftirfarandi hátt:

Stig 1: Uppgefin verð á virkum markaði fyrir sams konar eignir og skuldir.

Stig 2: Forsendur byggja á öðrum breytum en uppgefnum verðum á virkum markaði (stig 1) sem unnt er að afla fyrir eignir og skuldir, beint (t.d. verð) eða óbeint (afleidd af verðum).

Stig 3: Forsendur gangvirðis eigna og skulda eru byggðar á gögnum sem ekki er unnt að öllu leyti að afla á markaði. Verðmat á eignarhlutum í félögum er unnið af starfsfólki Orkuveitunnar og ytri sérfræðingum og byggir á afkomu og opinberum gögnum um framtíðartekjur og framtíðarfjárfestingar undirliggjandi eigna.

30.6.2024	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Eignarhlutir í félögum	0	0	6.262.480	6.262.480
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	0	0	2.495.675	2.495.675
Áhættuvarnarsamningar	0 (227.213)	0 (227.213)
Markaðsverðbréf	10.359.449	0	0	10.359.449
	10.359.449 (227.213)	8.758.155	18.890.391

31.12.2023	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Eignarhlutir í félögum	0	0	6.262.680	6.262.680
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	0	0	1.929.433	1.929.433
Áhættuvarnarsamningar	0	76.249	0	76.249
Markaðsverðbréf	8.670.016	0	0	8.670.016
	8.670.016	76.249	8.192.113	16.938.379

Skýringar

12. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Reykjavíkurborg, stofnanir og félag undir stjórn borgarinnar, hlutdeildarfélag, stjórnarfolk og lykilstjórnendur samstæðunnar eru skilgreind sem tengdir aðilar. Makar þessara aðila og ófjárráða börn falla einnig undir skilgreininguna, ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Viðskipti við tengda aðila

Framangreindir aðilar hafa átt í viðskiptum við samstæðuna á tímabilinu.

Eftirfarandi er yfirlit um helstu viðskipti við tengda aðila á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2024, ásamt yfirliti um kröfur og skuldir samstæðunnar við þessa aðila í lok tímabilsins. Viðskiptum og stöðum milli félaga innan samstæðunnar er eytt út í samstæðuárshlutareikningnum og því ekki tilgreind. Upplýsingarnar ná ekki til sölu samstæðunnar á hefðbundnum aðföngum til heimilisrekesturs viðkomandi aðila.

	2024	2023
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Sala til tengdra aðila á tímabilinu var eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	1.047.027	1.031.950
Stofnanir og félag undir stjórn Reykjavíkurborgar	477.210	401.485
	<u>1.524.237</u>	<u>1.433.435</u>
Kaup á vörum og þjónustu af tengdum aðilum á tímabilinu voru eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	33.149	38.317
Stofnanir og félag undir stjórn Reykjavíkurborgar	9.159	31.431
Hlutdeildarfélag	57.440	53.952
Stjórnarmenn og lykilstjórnendur	0	37.977
	<u>99.748</u>	<u>161.677</u>
	30.6.2024	31.12.2023
Kröfur á hendur tengdum aðilum í lok tímabilsins voru eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	123.876	320.908
Stofnanir og félag undir stjórn Reykjavíkurborgar	116.606	37.299
	<u>240.482</u>	<u>358.207</u>
Skuldir við tengda aðila í lok tímabilsins voru eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	120.734	197.221
Stofnanir og félag undir stjórn Reykjavíkurborgar	2.181	1.879
Hlutdeildarfélag	0	14
	<u>122.915</u>	<u>199.114</u>
	2024	2023
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Ábyrgðargjald greitt til eigenda á tímabilinu:		
Reykjavíkurborg	184.262	215.805
Akraneskaupstaður	11.830	14.906
Borgarbyggð	1.406	1.140
	<u>197.498</u>	<u>231.851</u>

Ábyrgðargjald greitt til eigenda í ofangreindu yfirliti er fært meðal vaxtagjalda í rekstrarreikningi. Sjá umfjöllun um ábyrgðargjaldið í skýringu 7.

Skýringar

13. Önnur mál

Gerðardómur um túlkun ákvæða raforkusamnings við Norðurál

Á árinu 2024 hélt áfram gerðardómsferli um túlkun ákvæða raforkusölusamnings við Norðurál, sem ON Power sér um framkvæmd á. Málið lýtur að kröfu Orkuveitunnar um endurskoðun á samningum, þar sem jafnvægi milli hagsmuna samningsaðila hafi raskast vegna atvika og forsendna sem Orkuveitan hefur ekki forræði á. Í þessum fasa málsins, mun niðurstaða gerðardómsins aðeins snúa að því hvort að jafnvægi milli samningsaðila hafi raskast vegna ófyrirsjáanlegra atvika svo eðlilegt sé að taka upp viðræður um breytingar á samningum, en ekki taka afstöðu til mögulegra fjárhæða.

Sala á eignarhlut í Landsneti

Undanfarin misseri hefur verið stefnt að sölu eignarhlutar Orkuveitunnar í Landsneti, þar sem í raforkulögum er kveðið á um að flutningsfyrirtækið skuli vera í beinni eigu íslenska ríkisins og/eða sveitarfélaga. Í árslok 2020 samþykkti stjórn Orkuveitunnar að viljayfirlýsing um breytingu á eignarhaldi Landsnets yrði undirrituð og að ganga til viðræðna um sölu eignarhlutarins. Í kjölfarið hófust viðræður við fulltrúa fjármálaráðuneytisins um málið. Ráðuneytið samdi í lok árs 2022 við félög í eigu ríkisins um kaup á hlut þeirra í Landsneti, en ráðuneytið vildi klára þá samninga áður en gengið væri frá kaupum þess á hlut Orkuveitunnar. Ekki hefur tekist að ganga frá sölu á hlut Orkuveitunnar á árinu 2024 líkt og stefnt hefur verið að. Bókfært verð eignarhlutarins er metið á 6,2 milljarða kr. 30.6.2024 og er fært á meðal veltufjármuna.

Viðgerð á höfuðstöðvum

Á árinu 2015 komu í ljós alvarlegar rakaskemmdir á húsnæði Orkuveitunnar að Bæjarhálsi 1. Endurnýjun útveggja vesturhúss er lokið og framkvæmdir innanhúss eru hafnar. Orkuveitan hefur gert verksamninga vegna framkvæmda innanhúss og er heildarskuldbinding vegna þessara samninga að fjárhæð 1.628 milljónir kr. Verklök allra framkvæmdaverka samkvæmt verksamningum er 31. desember 2024 en verklök munu dragast fram á fyrri hluta árs 2025, áætluð verklök nú eru í apríl 2025.

Arður til eigenda

Arðgreiðsla allt að fjárhæð 6.000 milljónir kr. var samþykkt á framhaldsaðalfundi 28. júní. Í júlí voru greiddar 4.000 milljónir kr. og 1.000 milljónir kr. verða greiddar eftir 9 mánaða uppgjör, alls 5.000 milljónir kr. sem eru færðar á meðal skammtímaskulda 30.6.2024. Greiðsla á 1.000 milljón kr. verður gerð í desember að því gefnu að niðurstaða ársins stefni í að verða í takt við áætlanir.

14. Atburðir eftir reikningsskiladag

Stjórnendum er ekki kunnugt um atburði sem hafa átt sér stað eftir lok reikningsskiladags og höfðu áhrif á árshlutareikninginn eða veita þarf upplýsingar um.

Undirritunarsíða

Stjórnarformaður Orkuveitunnar
Gylfi Magnússon

Stjórn Orkuveitunnar
Vala Valtýsdóttir

Stjórn Orkuveitunnar
Ragnhildur Alda Vilhjálmstöttir

Stjórn Orkuveitunnar
Skúli Þór Helgason

Stjórn Orkuveitunnar
Þórður Ísberg Gunnarsson

Stjórn Orkuveitunnar
Valgarður Lyngdal Jónsson

Forstjóri Orkuveitunnar
Sævar Freyr Þráinsson

Löggiltur endurskoðandi
Dávíð Arnar Einarsson